

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1576****2016/EES/19/44**

frá 6. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tiltekna vínfræðilegar  
vinnsluaðferðir og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er varðar skráningu á þessum  
vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir vingeirann (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt  
markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79,  
(EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. og g-lið 3. mgr. 75. gr. og e-lið 3. mgr. 147. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um leyfilegar  
vínfræðilegar vinnsluaðferðir í I. viðauka A við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt ályktanir um  
að leyfa þrjár nýjar vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Til þess að taka tækniframfarir til greina og gera framleiðendum  
innan Sambandsins kleift að nýta sér sömu möguleika og standa framleiðendum í þriðju löndum til boða ætti að leyfa  
þessar nýju vínfræðilegu vinnsluaðferðir í Sambandinu með þeim notkunarskilyrðum sem Alþjóðavinstofnunin hefur  
skilgreint.
- 2) Sérstök hættu er á að tiltekna vínfræðilegar vinnsluaðferðir séu notaðar á svíksamlegan hátt og skal það skráð í  
skrárnar skv. 41. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 <sup>(3)</sup>. Af þessum sökum ætti að færa  
þessar þrjár nýju vínfræðilegu vinnsluaðferðir í skrárnar, þ.e. meðhöndlun á vínnum með notkun á himnutækni ásamt  
virku kolefni, notkun á pólývínýlimídasól-/pólývínýlþýrrólídósamfjölliðum og notkun á silfurklóríði, en síðustu tvö  
efnin eru hjálparefni við vinnslu.
- 3) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 436/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á reglugerð (EB) nr. 606/2009**

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2016 frá 18. mars 2016  
um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB)  
nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínrehtarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 frá 26. maí 2009 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því  
er varðar skrána yfir vínkrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vinnmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínaferða og skrár sem  
halda skal fyrir vingeirann (Stjtið. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15).

2. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 436/2009**

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 436/2009 bætast eftirfarandi liðir við:

- „x) meðhöndlun með notkun á himnutækni ásamt virku kolefni,
- y) notkun á pólývínýlimídasól-/pólývínýlpýrrólídónsamfjölliðum,
- z) notkun á silfurklóríði.“

3. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi línur, 53, 54 og 55, bætist við í töfluna:

1	2	3	
Vínfræðileg vinnsluaðferð	Skilyrði fyrir notkun	Takmarkanir á notkun	
„53	Meðhöndlun á vínnum með notkun á himnutækni ásamt virku kolefni til að draga úr umframmagni 4-etylfenóls og 4-etylgevæjakóls	Fyrir vín og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 19. viðbæti	
54	Notkun á pólývínýlimidasól-/pólývínýlpýrrólídónsamfjöllidum (PVI/PVP)	Fyrir must og vín og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 20. viðbæti	Ekki meira en 500 mg/l (ef því er bætt í bæði must og vín má heildarmagnid ekki fara yfir 500 mg/l)
55	Notkun á silfurklóríði	Fyrir vín og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21. viðbæti	Ekki meira en 1 g/hektólítra, efnaleifar í víni < 0,1 mg/l (silfur)“

- 2) Eftirfarandi 19., 20. og 21. viðbætur bætist við:

„19. viðbætur

**Kröfur varðandi meðhöndlun á vínnum með notkun á himnutækni ásamt virku kolefni til að draga úr umframmagni 4-etylfenóls og 4-etylgevæjakóls**

Markmið meðhöndlunarinnar er að draga úr innihaldi 4-etylfenóls og 4-etylgevæjakóls af örverufræðilegum uppruna sem veldur skynmatsgöllum og felur ilm vínsins.

Kröfur:

- Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
- Meðhöndlunin skal tilgreind í skránum sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (EB) nr. 10/2011 og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Þær skulu vera í samræmi við kröfurnar í Alþjóðlegu, vínfæðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.

20. viðbætur

**Kröfur varðandi pólývínýlimidasól-/pólývínýlpýrrólídónsamfjöllidur (PVI/PVP)**

Tilgangurinn með notkun pólývínýlimidasól-/pólývínýlpýrrólídónsamfjöllida er að koma í veg fyrir galla af völdum of mikils málminnihalds og til að draga úr óæskilega miklum styrk málma.

Kröfur:

- Samfjöllidur skal fjarlægja með síun eigi síðar en tveimur dögum eftir að þeim er bætt við, að teknu tilliti til varúðarreglunnar.
- Ef um er að ræða skýjað must skal bæta samfjöllidunum við í fyrsta lagi að hámarki tveimur dögum fyrir síun.

- 3) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
- 4) Meðhöndlunin skal tilgreind í skránum sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

---

*21. viðbætur*

**Kröfur varðandi silfurklóríð**

Silfurklóríð er notað við meðhöndlun á vínnum til að fjarlægja óeðlilega lykt í tengslum við gerjun og geymslu (af völdum afoxunarharva vegna þess að brennisteinsvetni og þíól eru fyrir hendi).

Kröfur:

- 1) Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
  - 2) Meðhöndlunin skal tilgreind í skránum sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
  - 3) Silfurklóríð, sem er bætt við vín, skal notað með óvirku burðarefni s.s. kísilgúr, bentóníti, kaólíni o.s.frv. Fjarlægja skal botnfallið með því að nota viðeigandi, eðlisræna aðferð og það skal meðhöndlað innan sérhæfðs geira.
-